

Fjallskilareglugjörð

87
26. ág.

fyrir Borgarfjarðarsýslu.

I. Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskilamála hefir sýslunefndin á hendi, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, en hreppsnefndir alla umsjón og framkvæmd þeirra.

2. gr.

Þar sem svo hagar til að leitarsvæði til einnar rjettar nær yfir fleiri hreppa en einn, hafa hreppsnefndir þeirra stjórn fjallskilamála á hendi í sameiningu. Oddvitinn í þeim hreppi, sem skilarjettin liggur í, skal kveðja hlutaðeigandi hreppsnefndir til fundar í tæka tíð áður en niðurjöfnun fjallskila fer fram ár hvert, til þess að ræða sameiginleg fjallskilamál. Ræður þar afl atkvæða úrslitum, þannig að hver nefnd hefir eitt atkvæði, hvort sem fleiri eða færri nefndarmenn eru á fundi; standi atkvæði jafnt, ræður atkvæði nefndar þess hrepps, sem rjettin er í.

II. Greining lands og notkun.

3. gr.

Búfjárhagar eða heimalönd nefnast hjer lönd þau er í bygð liggja, engjar og beitolönd, er búpengingur (nautgripir, kvíær og brúkunarhross) gengur jafnaðarlega í á sumrum og vetrum.

Fjallönd eða afrjettir kallast hjer þeir hlutar landa, er liggja utan búfjárhaga, og eru eigi varðir annara fjenaði.

4. gr.

Skylt er hverjum heimilisráðanda að koma öllu geldfje (að dilkum meðtöldum) sem og stóðhrossum heimilisins í afrjett svo snemma sem kostur er á, og aldrei síðar en 11 vikur af sumri. Ef þessu er ekki hlýtt, skal hreppsnefnd láta reka fjenaðinn í afrjett á kostnað eiganda, nema hann hafi pening sinn í svofeldri girðingu eða gæslu, að hreppsnefnd telji hana fulltrygga.

87

26. ág.

5. gr.

Sjerhverjum heimilisráðanda er skylt að tilkynna oddvita hreppsnefndar sinnar fyrir 1. ágúst, hvert hann rak fjenað heimilisins og hve margt fjár og hrossa hann rak. Sömuleiðis er hver sá, er leigir öðrum land til uppreksturs, skyldur að tilkynna það fyrir sama dag oddvita í hreppi sínum, og skal hann jafnframt skýra frá, hve margt fjár og hrossa hann hefir leyft að reka á landið.

6. gr.

Hreppsnefndir skulu hafa eftirlit með því eftir megni, að enginn taki svo mikinn fjenað í heimalönd sin eða afrjettarlönd að af því aukist ágangur á aðra.

7. gr.

Fráfæring allan, sem rekin er úr búfjárhögum, skal sitja 1—3 sólarhringa eftir þörfum þar sem hann er eftir skilinn.

8. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fjenað, er í afrjett á að fara, í annars manns land og skilur hann þar eftir, sæti sektum og skaðabótum. Hið sama er um þann er sleppir slíkum fjenaði, svo að hann gengur þar sem ekki er heimild til. Þannig skal rekið gegnum heimalönd manna að sem minst tjón verði að. Eigi má reka yfir tún eða engi, nema önnur leið sje ekki fær.

9. gr.

Ef fjenaður gengur úr afrjetti fyrir rjettir í heimalönd manna, þá má hver sá, er fyrir áganginum verður, reka fjenaðinn aftur í afrjett þann, er hann hyggur hann úr vera. Reka má hann fjenaðinn í rjett til að ná úr sínu fje. Að öðru leyti skal hann svo tilhaga, að ágangsfjenaði verði sem minst mein að. Sje svo mikil brögd að áganginum að sá, sem fyrir honum verður, hafi ekki afl til að hrinda honum af sjer, getur hann krafist aðstoðar hreppsnefndar.

III. Fjallskil.

10. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá sem á kind eða ótamið hross, hvort sem það er rekið úr heimahögum eða ekki. Skal hver leggja til fjallskila það er hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefnd skal meta allan fjallskilakostnað leitarsvæðisins til peningaverðs, og nefnist sú upphæð fjallskilasjóður. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða að alt að $\frac{1}{4}$ hluta fjallskilakostnaðar skuli greiddur í peningum, og ber að jafna því gjaldi niður á alla þá, er fjallskilaskyldir eru, eftir rjetttri tiltölu. Skal þá jafnt auratal lagt á hvert hross sem á 5 kindur. Ef ær eru láttnar ganga með

dilkum, skulu hverjar tvær þeirra metast til fjallskila jafnt og 3 kindur geldar. **87**
Fráfærð lömb teljast sem geldkindur. Skyldur er húsbóndi hver að inna fjall- **26. ág.**
skil af hendi fyrir allan þann fjenað er hann hafði í fódri veturinn næstan áður,
gegn endurgjaldi frá eiganda. Þó ber að draga frá kvíær og fjenað þann, sem
húsbóndi sannar að farist hafi á tímabilinu frá því að fódurskoðun fór fram til
þess er fjenaður er rekinn á afrjett, sömuleiðis þann er menn utan leitarvæðis-
ins eiga, og færður er út af leitarvæðinu áður en fjenaður er á fjall rekinn.

11. gr.

Fjallskilasjóður sá, er getur um í 10. gr., skal vera í vörslum þess manns
er hreppsnefnd kys til þess. Skylt er honum að gera hreppsnefndinni árleg
reikningsskil fyrir sjóðnum.

Af fjallskilasjóði skal greiða allan kostnað við fjallskil á hausti, svo sem
kaup leitarmanna þeirra, er sendir eru í utanhrepps- eða utansýslu-rjettir, fundarlaun
fjár og hrossa er skylt var að reka í afrjett eða hreppsnefnd leyfði að væri í búfjár-
högum gæslukostnað, rekstrarkostnað og það annað er til fjallskila getur talist.

12. gr.

Nú á búandi tilkall til afrjettar fyrir sig eða ábýlisjörð sína, en kaupir
annarstaðar upprekstur og notar ekki sinn eiginn afrjett, þá er honum samt
skylt að gera fjallskil á afrjett sinn, en ekki mega þau vera meiri en helmingur
þeirra fjallskila, sem honum hefði borið að gera, ef hann hefði notað afrjettinn.
En skyldur er hann að gera full fjallskil þar sem hann hefir fjenað sinn.

Nú hagar svo til að fjenaður manns gengur á leitarvæðum til tveggja
rjetta, þá er hann skyldur að gera fjallskil á báðum stöðunum, þannig að þau
samsvari fullum fjallskilum á þeim staðnum, þar sem fjallskil eru þyngri.
En ef einhver sökum þrengsla á afrjetti leitarvæðisins verður að koma fjenaði
sínun annað, ber að taka tillit til þess við niðurfjöfnunina.

13. gr.

Prennar leitir skal á hverju hausti gera á afrjettum og fjallöndum til
þess að smala fjenaði til rjetta. Þó skal hreppsnefndum heimilt að fella úr
miðleit, þegar ástæða þykir til. Í öllum leitum ber að smala sauðfje, en hrossum
að eins í annari og þriðju leit. Einnig skal senda menn úr sjerhverjum hreppi
til að hirða fje hreppsúa í þeim utansóknarrjettum sem þeir eiga fjárvon við.

14. gr.

Hver búandi er skyldur að leita heimaland ábýlisjarðar sinnar, ef það
er eigi stærra en svo að það sje notað fyrir búpening heimilis hans, og reka
skilvislega til rjetta allan óskilafjenað, eftir nákvæmari ráðstöfun hreppsnefndar.

Hreppsnefnd hver jafnar niður fjallskilum á hreppsbúa sína, eftir að hreppsnefndir hafa haldið fund með sjer samkvæmt 2. gr. Þess skal vandlega gætt að nægilegur mannaflí sje ætlaður til hvers verks.

Niðurfjörðun allra fjallskila hausthvert skal lokið svo snemma, að hún geti verið kunn orðin öllum hlutaðeigendum eigi síðar en þrem dögum áður en til fjallskilanna kemur. Niðurfjörðunina skal birta öllum hlutaðeigendum þannig, að skrá (fjallskilaseðill) gangi bæ frá bæ rjetta boðleið um hreppinn, og hefir hann þá hreppskilapingsboðsrjett; á skrá þeirri skal standa hvaða fjallskil hver á að gera það haust, hvar leitar menn skulu koma saman til að finna leitarföngja, hvenær leitir eiga að byrja, hver verður leitarföngi og því um líkt.

Hreppsnefndir skulu árlega kjósa leitarföngja, einn eða fleiri, fyrir hvert leitarvæði, er þær eiga yfir að segja. Enga aðalleit má gera án þess að leitarföngi sje til að stjórna henni. Skýlt er hverjum að taka á móti kosningu 3 ár í röð, nema forföll banni, en sá, sem hefir verið leitarföngi í 3 ár samfleytt, getur skorast undan kosningu næstu 3 ár.

Leitarföngi skal jafnan vera sjálfur í leitinni. Áður en leit byrjar kannar hann líð sitt, og ef svo reynist, að einhverja vanti eða einhverjir reynast óhæfir til að fara í leitir, kaupir leitarföngi menn í þeirra stað, á kostnað hlutaðeigenda. Leitarföngi hefir á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir um, hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess vel að allir vandi verk sín vel, og að söfnin sje rekin með reglu til rjetta, að þau komi þangað í tækan tíma, að allrar mannúðar sje gætt við skepnur, og að þeirra sje gætt þar til rjettarstjóra ber að taka við.

Sjerhver maður, er fjallskil á að inna af hendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem það að leggja til fullgilda menn og gera þá vel út að öllu leyti. Sá er talinn hæfur til fjallskila, sem leitarföngi tekur gildan, enda sje hann ekki yngri en 14 ára.

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar, geta hreppsnefndir, ef þeim þykir ástæða til, látið gera enn eina almenna leit á leitarvæðum þeim, er þær eiga um að sjá; til þeirrar leitar má gera aukaniðurfjörðun verka eða fjárframlaga, eftir atvikum, á alla hlutaðeigendur. Leitir kallast eftirleit. Láti hreppsnefnd ekki

framkvæma slíka leit, og eins eftir að hún er afstaðin, er hverjum einstökum manni heimilt að gera eftirleit.

87
26. ág.

21. gr.

Fyrir fjenað, áður óheimtan, er finst í eftirleit eða endranær eftir aðal-leitir, skal greiða fundarlaun úr fjallskilasjóði eftir mati hreppsnefndar í hreppi þeim, er leitarlandið tilheyrir. Þó skal ekki greiða fundarlaun fyrir fjenað, er finst áður en vika er af vetri.

22. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila eigi rjett, og vill fá leiðrjett-ingu á, þá ber honum engu að síður að inna af hendi fjallskil sín þau er á hann voru lögð, en sent getur hann rökstudda kæru til hreppsnefndarinnar og beðið hana lagfæringar. Sje hún ekki komin til hreppsnefndarinnar fyrir hreppskila-þing, verður hún ekki tekin til greina. Hreppsnefndin skal eiga fund með sjer á þingstaðnum, kalla kæranda fyrir sig og gefa honum kost á að skýra rök-semdir sínar. Prem dögum eftir hreppskilaþing skal hreppsnefndin hafa sent áleiðis til kæranda skriflegan úrskurð sinn um málið. Vilji kærandi skjóta úr-skurðinum til sýslunefndar, verður kæra hans ásamt úrskurðinum að vera komin til oddvita sýslunefndarinnar fyrir næstu árslok. Ber þá sýslunefndinni að úr-skurða um málið á næsta fundi sínum.

IV. Um rjettun fjár og hrossa.

23. gr.

Rjettir eiga að vera á sem haganlegustum stöðum og svo gerðar:

- a. að almenningar sje nógu stórir;
- b. að sjerhver búandi maður, sem annaðhvort á fjallskil að gera til rjettarinnar eða á hlut í leitarsvæði því, sem leita ber til rjettarinnar, hafi nógu stórt dilkrúm fyrir allan fjenað heimilis síns án þess að út þurfi að hleypa fyr en búð er að rjetta;
- c. að til sje nógu margir og nógu stórir dilkar fyrir alt það utanrjettarsóknar-fje, sem líklegt er að komi til rjettarinnar, en slíka dilka er ekki skylt að byggja á kostnað rjettarfjelsins, nema fyrir þær sveitir eða sýslur, er gera því aftur hin sömu skil;
- d. að dilkar sje fyrir ómerkinga;
- e. að allir veggir rjettanna sje traustir og stöðugir svo sem verða má og svo háir hvervetna, að engin sauðkind geti stokkið upp á þá.

87

26. ág.

24. gr.

Vilji rjettarffjelag byggja leitaraskála eða gerði til að geyma safn í nóttina fyrir rjettardag, skal vinnu og kostnaði við það jafnað niður eftir sömu hlutföllum og fjallskilum.

25. gr.

Rjettarbóndi, þar sem safns er gætt náttlangt, fær fyrir usla og átroðning alt að 25 króna þóknun úr fjallskilasjóði, en engin umráð hefir hann yfir rjettinni fyrir það þótt hún standi á landi hans. Andvirði ómerkinga þeirra, sem koma fyrir við rjettina og ær ekki helga sjer, gangi í fjallskilasjóð. Ekki mega slíkir ómerkingar seljast utan skilarjettar, nema rjettir sje afstaðnar það ár.

26. gr.

Hreppsnefnd í þeim hreppi, sem rjett liggur í, skal kjósa rjettarstjóra, og tekur hann við af leitarforingja þegar markljóst er og lætur þá þegar fara að rjetta, og sjer um að alt fari sem skipulegast fram, meðan á rjettarhaldinu stendur. Eru allir skyldir að hlýða fyrirskipunum hans, og getur hann kært þá til sekta er út af bregða. Rjettarstjóri getur skipað mann í sinn stað í forföllum sínum, og er vald þess manns hið sama og aðalrjettarstjóra. Hreppstjóri þess hrepps, sem rjett liggur í, skal ávalt vera við rjettina og gæta lögreglu.

27. gr.

Það er skylda sjerhvers manns í rjettarsókninni, er fjárvon á í einhverri skilarjettinni, að hafa þar nægan mannafla að hirða þar fjenað sinn; en ef einhver vanrækir þetta, er rjettarstjóra heimilt að draga fjenað hans og reka heim til hans á hans kostnað.

28. gr.

Það er skylda sjerhvers fjäreiganda að hafa glögt mark á fjenaði sínum, og þar að auk sýslu- og hrepps-brennimark á hægri horni eða hægri hóf, þar sem því verður við komið. Markið helgar markeiganda kind eða hross, sem það ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem eigi ber fullkomið mark einhvers, enda þótt lítið vanti á, er heimildarlaust að draga sjer. Ef kind hefir eyrnamark eins manns, hornamark annars og brennimark hins þriðja, þá skal kindin vera þess sem brennimarkið á, en hornamarkið gangi fyrir eyrnamarki. Nú vill einhver eigna sjer kind með óglöggu marki, þá skal sá snúa sjer til hreppstjóra með ástæður sínar. Hreppstjóri kveður þá til 4 óvilhalla menn, er skulu ásamt honum sjálfum skoða kindina og meta líkur þær er fram kynnu að koma. Kveði meiri hluti upp þann úrskurð, að kindin muni eign hans, þá má hann taka hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafje.

29. gr.

87

26. ág.

Sýslunefnd skal svo oft sem þurfa þykir, og eigi sjaldnar en 10. hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sjerhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það er sýslunefndin ákveður, en rjett hefir hann til að fá eitt eintak af markaskránni ókeypis.

30. gr.

Enginn má hleypa út úr dilk fyr en rjettastjóri leyfir. Áður en hleypt er út úr dilkunum ber hreppstjóra að láta kanna fjeð í þeim, og getur enginn skorast undan þeim starfa.

31. gr.

Ómerkingar skulu ávalt dregnir í ómerkingadilk. Þar skal þeim, er vilja, gefin kostur á að láta lambamæður helga sjer ómerkinga undir umsjón hreppstjóra og tveggja votta. Enginn má taka ómerking úr almenning eða ómerkingadilk án leyfis rjettarstjóra.

32. gr.

Fjársala má ekki fara fram meðan á rjettarhaldi stendur, þannig að hún valdi nokkurri töf á rjettarhaldinu eða óreglu.

33. gr.

Á fundi þeim, sem talað er um í 2. gr. að hreppsnefndir eigi með sjer, skal ávalt kjósa tvo menn til að gera úr mörkun fjár og hrossa við skilarjett hverja, og skulu menn þessir hafa með sjer markaskrár þær sem þörf er á. Fá þeir í þóknun fyrir starfa sinn alt að 2 krónum fyrir hverja rjettarferð, sem borgast af fjallskilasjóði. Fje það, sem ekki þekkjast mörk á, ber að selja í rjettarlok í öllum rjettum og eins ef stofnað er til eftirleitar.

34. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert ber hreppstjóra að senda sýslumanni eftirrit af uppboðsgjörð óskilafjár þess er hann hefir selt á árinu. Eftirriti því skal fylgja andvirði óskilafjárins, að frádregnum kostnaði eftir reikningi, er einnig skal fylgja. Sanni einhver eignarrjett sinn á seldu fje fyrir hreppstjóra áður en skilagrein um fjeð er send sýslumanni, er hreppstjóra heimilt að borga út andvirði þess fjár. Andvirði þess óskilafjár, sem ekki hefir fundist eigandi að fyrir 1. júní næst á eftir, skal varið til eyðingar refa, og skiftist milli hreppa sýslunnar hlutfallslega við refaveiðakostnað þeirra næsta fardagaár áður en fjeð var selt.

87

26. ág.

35. gr.

Óskilahross, sem koma fyrir í rjettum eða eftir rjettir, skulu sett í gæslu, og seld að þrem vikum liðnum að undangenginni auglýsingu í nærliggjandi hreppum. Gæslulaun á slíkum hrossum mega ekki fara fram úr 10 aurum um sólarhringinn fyrir hvert hross. Hinar sömu reglur gilda að öðru leyti um meðferð andvirðis óskilahrossa sem óskilafjár (sbr. 34. gr.).

V. Rjettir.

36. gr.

Þessar skulu vera skilarjettir sýslunnar:

1. *Rauðsgilsrjett*. Leitarsvæði: Hvítá ræður að norðan, Langjökull að austan, Geitlandsjökull að sunnan, þá norðanvert við Kaldadal í Ok, þá út og suður með oki í Flókadalsdrög. Síðan ræður Flókadalsá ofan að brú hjá Hjalmsvaði. Þaðan ræður þjóðvegurinn að Grímsá. Úr því ræður Grímsá.

Fyrsta Rauðsgilsrjett skal vera föstudaginn í 23 viku sumars, önnur fimtudaginn í 24. viku, þriðja þriðjudaginn í 25. viku sumars.

Á þessu leitarsvæði skulu sundurdráttarrjettir vera á Húsafelli og Bæ. Úrtíningur rekist til Rauðsgilsrjettar.

2. *Oddsstaðarjett*. Leitarsvæði: Að leitartakmörkum Rauðsgilsrjettar, frá Grímsá við Þjóðveginn alt að Oki, með Oki suður í Kaldadal og svo vestur sýslumót í Kvígyndisfell. Þaðan beina stefnu í Suðurárbotn, en hún skilur leitarsvæði í Eiriksvatn, en síðan ræður Fitjaá, Skorradalsvatn og Andakílsá til sjávar.

Fyrsta Oddsstaðarjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, önnur miðvikudaginn í 23. viku, þriðja miðvikudaginn í 25. viku sumars.

3. *Brekkurjett*. Leitarsvæði: Að norðan ráða leitartakmörk Oddsstaðarjettar alla leið frá sjó til Kvígyndisfells, þaðan í Hvalvatn austanvert við Skinnhúfuhöfða. Svo ræður Hvalvatn og Stóra-Botnsá til sjávar, sem ræður leitartakmörkum úr því til Andakílsár.

Fyrsta Brekkurjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, önnur miðvikudaginn í 23. viku, þriðja miðvikudaginn í 25. viku sumars.

Á þessu svæði skulu sundurdráttarrjettir vera í Hreppsrjett, Leirár- og Melahreppi og Skilmannahreppi. Úrtíningur úr öllum þessum rjettum rekist til Brekkurjettar.

37. gr.

Úrtíningur úr öllum sundurdráttarrjettum sýslunnar skal kominn til skilarjettar kvöldið áður en rjetta skal; ber hlutaðeigandi hreppsnefndum að annast um slíkt.

38. gr.

Hreppsnefndir ákveða leitardaga eftir því sem við á.

87
26. ág.

VI. *Um eyðing refa.*

39. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um eyðing refa, hver í sínum hreppi, en fela mega þær umsjónina einum manni eða fleirum úr sínum flokki. Til þess að vinna verk, er lúta að eyðingu refa, mega þær kveðja hvern hreppsþúa, sem til þess er fær, og má enginn skorast undan slíku starfi að forfallalaus.

40. gr.

Hver búandi maður er skyldur að leita árlega grenja í heimalandi ábýlisjarðar sinnar, ef þar getur verið grenja von. Nú notar maður annað land en ábýlisjarðar sinnar fyrir málnytufjenað, og skal hann þá einnig leita grenja þar. Ef hreppsnefnd álitur þess þörf eftir ástæðum, má búandi kveðja nágranna sína, þá er ekki eiga grenja von í heimalöndum sínum, til að leita með sjer.

Á fjalllöndum og afrjettum skal leita grenja svo oft sem þurfa þykir, að minsta kosti einu sinni vor hvert. Kveður hreppsnefnd menn til þess, og tiltekur leitarforingja og hvenær leita skuli.

Enginn má hafa hund í grenjaleit.

41. gr.

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er gren eru í, skal rita í bók skrá yfir öll þau gren, er menn vita af í hreppnum (heimalöndum, fjalllöndum og afrjettum), með stuttri lýsingu á hverju greni og afstöðu þess, svo glöggri, að grenið sje auðfundið eftir henni. Hver, sem finnur gren, er menn vissu ekki af áður, er skyldur að skýra hreppsnefndinni frá því, og skal því þá bætt við á skrána. Fimta hvert ár, þá er ártölin enda á 0 eða 5, skal stutt ágríp af skrá þessari látið fylgja refaveiðareikningihreppsins.

42. gr.

Áður en grenjaleitartími er kominn, skal hreppsnefnd vor hvert hafa útvegað sjer skotmann, er hún eigi visan, og skal hún auglýsa hreppsþúum hver hann er. Skotmaður skal vera með í grenjaleit á fjalllöndum og afrjettum, ef því verður við komið. Nú finst gren, er refir eru við, hvort sem það er í grenjaleit eða ekki, skal þá finnandi eða foringi leitar, ef í grenjaleit er og skotmaður er ekki í leitinni, tafarlaust láta einhvern hreppsnefndarmanna vita, helst oddvita eða þann, er kosinn hefir verið umsjónarmaður refaveiða, og skal sá maður þá þegar láta sækja skotmann og útvega honum vökumann og annað það, er þurfa kann, og sje vökumaðurinn helst einnig hæfur skotmaður, ef því verður við komið. En sje skotmaður sjálfur í leit, skal hann þá þegar leggjast á grenið, en

87 foringi leitarmanna eða sá, er skotmaður kveður til þess, skal útvega vökumann
 26. ág. og annað það, er þarf, ef það getur á þann hátt gerst fljótur en með því að
 snúa sjer til hreppsnefndarmanna. Fyrir ferðir í þessar þarfir má greiða
 hæfilega þóknun.

43. gr.

Skotmaður og vökumaður skulu, ef unt er, liggja 3 sólarhringa á greni, ef ekki eru áður unnin þau fullorðin dýr, er þar eiga heima. Vinnist gren ekki að fullu, skal skotmaður sjá um að eitrad agn sje látið eftir í því. Ekki skal liggja á greni eftir að fullorðnu dýrin eru unnin. Gren má ekki rjúfa, nje heldur bræla, nema það sje óvinnandi á annan hátt. Álíti reyndur skotmaður þess brýna þörf, má gera skotbyrgi við gren.

44. gr.

Skotmanni og vökumanni skal greiða hæfileg daglaun, auk fæðiskostnaðar, fyrir hvern dag, er þeir liggja á greni, þó ekki fyrir lengri tíma en 3 sólarhringa við eitt gren. En yfirgefi þeir gren án brýnna nauðsynja áður en 3 sólarhringar sje liðnir, og sje ekki fullorðnu dýrin unnin, eða sýni þeir aðra skaðlega vanrækslu við vinslu grens, missa þeir daglaun sín.

Auk daglauna fær skotmaður 4 krónur fyrir fyrsta fullorðinn ref, er hann vinnur við gren, en 6 krónur fyrir hvern annan, er hann vinnur við sama gren. Fyrir hvern yrðling, er næst við gren, skal greiða 50 aura, er skiftist jafnt milli skotmanns og vökumanns.

Fyrir hvern ref, sem unninn er annarstaðar en við gren á tímabilinu frá 1. apríl til 31. október, skal greiða 3 krónur þeim er vinnur.

45. gr.

Eitra skal fyrir refi árlega, á hagfeldum stöðum og hentugum tíma, og skal svo meðfarið, að sem minst hætta stafi af fyrir menn og húsdýr. Hreppsnefnd skal brýna það fyrir þeim, er hún felur að eittra, að sje rjúpur eitradar, þá er skylt að auðkenna eitruðu rjúpunar með því að stýfa af þeim hægri vænginn hálfan.

Til eitrunar skal hafa *strychnin* eða annað eitru ekki ósterkara, og skal hreppsnefnd sjá um að jafnan sje fyrir hendi nægar byrgðir af því. En gæta skal hún þess, að eitrið komist í einskis manns hendur nema þess, er hún felur að eittra.

46. gr.

Allan kostnað við eyðing refa skal greiða úr hreppssjóði, þar sem landið liggur. Nú á hreppur eða hefir á leigu afrjettarland utan sýslu, og fylgir skylda til að eyða þar refum, og greiðir þá sjóður hreppsins þann kostnað. Ef einstakir búendur hafa til afnota fyrir sjálfa sig afrjettarítak utan sýslu, og hvílir á þeim refaveiðakostnaður vegna þess, þá skal þann kostnað greiða úr sjóði þess hrepps, er þeir búendur eiga heima í.

47. gr.

87

26. ág.

Fyrir 20. júní árlega skal hreppsnefnd hver gera glöggvan reikning yfir allan refaveiðakostnað, er greiddur hefir verið úr hreppssjóði síðasta fardagaár samkvæmt 46. gr. Skulu honum fylgja kvittanir fyrir hverju einu, er greitt hefir verið og nákvæm skýrsla um verk þau, er borgun hefir verið greidd fyrir. Skal í þeirri skýrslu tilgreina, hvar hvert verk var unnið og hverja daga, og hverjir að því unnu, hve mörg gren fundust, er refir voru við, hve mörg gren unnust að fullu eða nokkru, hve margir fullorðnir refir unnust við hvert þeirra og hve margir yrðlingar, hvað eitrad var og hvert eitur var haft, hver árangur varð af eitruninni, að svo miklu leyti sem það er kunnugt, og á hvern hátt þau dýr voru unnin, er unnin voru annarstaðar en við gren og borgun var greidd fyrir eftir seinustu málsgrein 44. gr. Reikning þennan með fylgiskjöllum lætur svo hreppsnefndin fylgja hreppsreikningum sem fylgiskjöl hans.

48. gr.

Sýslunefndin skal vandlega rannsaka refaveiðar, reikninga hreppanna, fella niður þær greiðslur, er þar kynnu að vera ranglega taldar og þær, er ekki eru fullar sannanir fyrir, svo og færa niður reikninga þeirra hreppa, þar sem óþörf fjáreyðsla kynni að hafa átt sjer stað. Þegar sýslunefndin hefir þannig leiðrjett reikningana, skal hún leggja saman refaveiðakostnað allra hreppanna og jafna honum niður milli þeirra eftir fjártölu eftir síðustu fjárskoðunarskýrslu.

49. gr.

Óskilafjárverði ber og að skifta milli hreppanna eftir fjártölu, samkvæmt síðustu skoðunarskýrslu.

50. gr.

Hver, sem elur refi eða yrðlinga og missir þá úr gæslu, skal greiða 20 kr. sekt fyrir hvert dýr er sleppur, nema hann færi sönnur á, að því hafi verið náð aftur.

VII. Um rekstur á söluþje.

51. gr.

Fjártökumenn skulu skyldir til að hafa 2 eftirlitsmenn við fjárkaupin, sem nákvæmlega skulu gæta þess, að engin mistök geti átt sjer stað.

Alt fje í sölurekstrum skal vera merkt með skýru rekstrarmarki, er sje svo glögt, að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust að það máist ekki af þó að votviðri gangi.

87

26. ág.

52. gr.

Svo skal rekstrum haga að sem minstur bagi verði af þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal að rekstrar lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstur úr því að farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til, en komi það fyrir, skal ávalt kanna reksturinn að morgni; svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

53. gr.

Nú ber svo við að öðru fje lendir saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fje úr rekstrinum, og gæta þess vandlega að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, er viðstaða verður og rekstrarfjeð dreifir sjer til muna, telja það. Enginn, sem á bænum er viðstaddur og til þess er fær, má skorast undan að kanna rekstur ásamt rekstrarmönnum, og ber yfirmanni rekstrarins að greiða þóknun eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgang á hann að eigendum fjárins með þá borgun, ef honum hefir eigi sjálfum verið um að kenna. Sjá skulu rekstrarmenn um að fje það, er saman við hefir komið, komist í átt-haga sina, eigendum að kostnaðarlausu.

54. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því að hafa tekið fje annara í rekstur, heimildarlaust, skal yfirmaður bæta eigendum það að fullu eftir samkomulagi, eða eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður kveður til þess, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það auk þess sektum.

55. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávalt einn vera yfirmaður, er annast um að þessum reglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim er kynni að kæra, en hann á aftur aðgang að rekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

56. gr.

Hver sem þarf að ná fje sínu, sem er utan búfjárhaga, til sölu eða annarar förgunar fyrir fjallgöngur, skal fá til þess leyfi hreppsnefndar sinnar, en hreppsnefndin veitir leyfið með þeim skilyrðum, er henni þykir við eiga.

57. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum 1—200 kr., er renna í sjóð þess hrepps, er brotið er framið í.

58. gr.

Með mál útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

59. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 23. júní 1896, og reglugjörð um viðauka við hana frá 22. ágúst-mánaðar 1913.

87
26. ág.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1914.

Í stjórnarráði Íslands, 26. ágúst 1914.

Sig. Eggerz

Jón Hermannsson.

Samþykkt

88
26. ág.

um kynbætur nautgripa í Grímsneshreppi í Árnessýslu.

Sýslunefndin í Árnessýslu hefir samkvæmt lögum 20. október 1905, um kynbætur nautgripa, gert eftirfarandi samþykkt um kynbætur nautgripa í Grímsneshreppi.

1. gr.

Í Grímsneshreppi skulu allir, er graðneyti eiga, sem eru 5 mánaða eða eldri, skyldir að geyma þau í gripheldri girðingu, örugggu hliðarhafti, tjóðri, við innigjöf eða á annan hátt, sem hreppsnefnd Grímsneshrepps ákveður eða stjórn nautgriparæktunarfélags. Það skal vera jafn-óheimilt að láta graðneyti ganga laus í eigin landi sem annara.

2. gr.

Nú vanrækir einhver geymslu á graðneyti samkvæmt framangreindu og graðneyti finst í annars manns landi, og er þá ábúanda heimilt að "aftra því, að það geri skaða, t. d. með því að hýsa það, tjóðra eða því um líkt, og skal eigandi skyldur að borga allan kostnað, sem af því leiðir, enda sje eiganda gert aðvart um hindrun þess innan tveggja sólarhringa.